

FRÉTTABRÉF

HAUST 2024

HUGLEIÐINGAR STJÓRNAR



Góðir félagar í FEBRANG og aðrir íbúar Rangárvallasýslu!

Miklar og örar breytingar eru á daglegu lífi okkar hér í sýslu og reyndar í heiminum öllum. Hingað til hefur stjórn FEBRANG notað ýmsar leiðir til að koma skilaboðum til félagsmanna. Við erum með Facebook síðu, vefsíðu, sendum tölvupósta, SMS og höldum kynningar- og fræðslufundi. Ekki má gleyma Búkollu sem hefur nýttst vel til að kynna og auglýsa félagsstarfið. Blaðinu var dreift á öll heimili í sýslunni en svo stórhækkuðu burðargjöld hjá Póstinum og nú liggur Búkolla frammi í verslunum á Hellu og Hvolsvelli. Við bregðum nú á það ráð að gefa út þetta fréttabréf og dreifa því á öll heimili í sýslunni.

Með því erum við ekki einungis að upplýsa félag okkar um starfið, heldur viljum við líka kynna félagið fyrir öðrum íbúum sýslunnar. Í FEBRANG eru nú 315. Sextugir og eldri eru hins vegar um 1.000 svo mikið vantar á að allir 60+ séu í félaginu. En fleiri geta gerst félagar. Í lögum FEBRANG segir: „Félagar geta orðið einstaklingar, sem þess óska, enda greiði þeir tilskilin árgjöld. Einnig geta fyrirtæki og félagasamtök, sem þess óska, gerst styrktaraðilar. Kosningarétt og kjörgengi hafa einungis þau sem eru 60 ára og eldri með lögheimili í Rangárvallasýslu.“ Við hvetjum þig sem lest þessar línur til að ganga í félagið. Við hvetjum líka fyrirtæki og félagasamtök til að taka þátt til að styrkja félagið. Árgjaldið er hóflegt, 3.500 kr. á þessu ári. Sveitarfélögin þrjú í sýslunni styrkja veglega starfsemi félagsins. Það gerir okkur kleyft að hafa fjölbreytta starfsemi en það gerist ekki að sjálfu sér. Okkur vantar alltaf fólk til að vinna að hinum ýmsu verkefnum. Nánari upplýsingar um starfsemi félagsins svo og skráningu í það er að finna á opnu fréttablaðsins.

Með baráttukveðjum
Stjórn FEBRANG





Við erum
betri saman



Árshátíð

Árshátíð verður 10. 10. í Hvolnum á Hvolsvelli og hefst kl. 19.

Veitt verða Þúttverðlaun, fordrykkur, veislumatur af bestu gerð, skemmtiatriði og við dönsum inn í nóttina með hinum eina sanna Hlyni Snæ Trúbador. Verð 5.000 kr fyrir félagsmenn, 7.500 kr. fyrir þá sem eru utan félagsins.

Skráning á vefsíðunni febrang.net, í tölvupósti febrang2020@gmail.com eða hjá Dísu í síma 8677576 fyrir 1.10. Greiðsluseðill kemur í heimabanka.

Jólahlaðborð

Jólahlaðborð verður 29.11 í Hvolnum og hefst kl. 19.

Jólamatur frá Múlakaffi, ljúf jólatónlist og jólasaga verður lesin. Verð 5.000 kr. fyrir félagsmenn en 14.000 kr. fyrir þá sem eru utan félagsins. Skráning á vefsíðunni febrang.net, í tölvupósti febrang2020@gmail.com eða hjá Dísu í síma 8677576 fyrir 1.11. Greiðsluseðill verður sendur í heimabanka.

Starf Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu, FEBRANG á haustönn 2024

Félags- og fræðslufundur 16.9. 2024 kl. 13:30 í Menningarsalnum á Hellu.

Við hefjum hauststarfið með öflugum fundi og kynnum það sem verður í boði á haustönn. Ferðakynning, ferðir sumarsins 2025. Við gerum ráð fyrir tveimur dagsferðum og fimm daga ferð til Færeyja. Gísli Jafetsson hjá Ferðaskrifstofu eldri borgara á Selfossi kynnir Færeyjaferðina. Jóhann G. Jóhannsson leikari verður gestur fundarins. Hann mun fara út um víðan völl og peppa okkur upp með erindinu „Listin að lifa“. Jóhann starfar sem verkefnastjóri Íþrótt- og fjölmenningarmála hjá Rangárþingi ytra. Hoppdrætti með góðum vinningum og svo verður auðvitað vöfflukaffi.

Hvetjum fólk utan félags á öllum aldri að koma á þennan fund!

Handverk, þ.e. keramik- og postulínsmálun, verður einu sinni í viku á miðvikudögum kl. 13:00 - 16:00 í Menningarsalnum á Hellu.

Byrjar 18. 9. Leiðbeinendur Brynja Bergsveinsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir.

Annargjald er 4.500 kr. Skráning á vefsíðunni febrang.net, í tölvupósti febrang2020@gmail.com eða hjá Sigdísi Oddsdóttur í síma 8677576. Greiðsluseðill kemur í heimabanka.

Útskurður á föstudögum kl. 13:30 - 16:00 í smíðastofu Hvolsskóla á Hvolsvelli.

Byrjar 20.9. Leiðbeinandi Hjálmar Ólafsson.

Annargjald er 4.500 kr. Skráning á vefsíðunni febrang.net, í tölvupósti febrang2020@gmail.com eða hjá Sigdísi Oddsdóttur í síma 8677576. Greiðsluseðill kemur í heimabanka.

Spilin á fimmtudögum, til skiptis á Hvolsvelli og Hellu. Byrja 19.9. kl. 14:00 - 16:00 í Hvolnum á Hvolsvelli (stóra salnum) og viku síðar í Menningarsalnum á Hellu. Kaffi og meðlæti kr. 1.000.

Boccia í Íþróttahúsinu á Hvolsvelli mánudaga og miðvikudaga kl. 10:10 - 11:10. og í Íþróttahúsinu á Hellu mánudaga og miðvikudaga kl. 11:10 - 12:10. Byrjar 16.9 á báðum stöðum.



Hringur kór eldri borgara æfir mánudaga 16:00 - 18:00 í Menningarsalnum á Hellu. Æfingar hefjast 16.9. Fylgist líka með á Facebooksíðu kórsins sem heitir Hringur kór eldri borgara í Rangárþingi. Kristín Sigfúsdóttir verður kórstjóri. Gjald á hausönn 6.000 kr. Nánari upplýsingar hjá formanni, Þorsteini Markússyni, sími 8984928. Nýtt söngfólk velkomið!

Leiklistarnámskeið þriðjudaga kl. 12 - 13. Hefst 17.9. í Hvolnum á Hvolsvelli í stóra salnum. Leiðbeinandi Margrét Tryggvadóttir. Ókeypis.

Dans annan hvorn þriðjudag kl. 13:30 -14:30 til skiptis á Hellu og Hvolsvelli. Byrjar á Hellu 17.9, Hvolsvelli 1.10., Hellu 15.10., Hvolsvelli 29.10, Hellu 12.11. og Hvolsvelli 26. 11. Ókeypis.

Skapandi skrif. Rithöfundurinn og þúsund þjala smiðurinn Harpa Rún Kristjánsdóttir verður leiðbeinandi. Námskeið verður í fjögur skipti kl. 13 á föstudögum með hálfs mánaðar millibili. 11.10, 25.10, 8.11 og 22.11. Verð 10.000 kr. Skráning á vefsíðunni febrang.net, í tölvupósti febrang2020@gmail.com eða hjá Sigdís Oddsdóttur í síma 8677576. Greiðsluseðill kemur í heimabanka.

Bókaklúbbur. Héraðsbókasafn Rangæinga stendur fyrir bókaklúbbnum Skruddur. Þar hittist fólk fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 16 í notalegum bókasal Héraðsbókasafnsins. Það er á Vallarbraut 6 á Hvolsvelli. Við erum velkomin að vera með!

Hreyfingin/leikfimin á Hellu verður á mánudögum og fimmtudögum kl. 10 í íþróttahúsinu á Hellu og byrjar 29. ágúst. Á Hvolsvelli er hún á þriðjudögum og föstudögum kl. 10 í Hvolnum og hefst 3. september. Mætið mjög gjarnan bæði á Hvolsvelli og á Hellu! Leiðbeinandi er Drífa Nikulásdóttir.

Fylgist með fréttum á Facebooksíðu félagsins sem heitir FEBRANG-Félag eldri borgara í Rangárvallasýslu og á vefsíðu félagsins febrang.net.

Nánari upplýsingar veitir Sigdís Oddsdóttir, sími 8677576. Sigdís hefur viðveru í Menningarsalnum miðvikudaga kl. 13 -16 frá 18. 9.



Velkomin í verslun Líflands á Hvolsvelli

Búrekstrarvörur - Hestavörur - Fóður - Gæludýravörur
Útivistarvörur



Lífland Hvolsvelli - Ormsvelli 5 - Sími 487 8888



Bóthildur Bogadóttir Rangár segir:

Kæru vinir.



Mig langar að deila með ykkur reynslusögu um akstur og áfengi.

Allt of algengt er að fólk komist í kast við laganna verði á leið heim eftir að hafa hitt vini yfir jólabjór. Til að sýna betrun og gott fordæmi hef ég tekið mig á í þessum málum. Á föstudaginn var hitti ég vinkonur á öldurhúsi og fékk mér helst til mikið neðan í því. Nokkra bjóra, eitthvað af viskí og rauðvínsklas, sem var næstum ódrekkandi. Í lok kvöldsins gerði ég nokkuð sem ég hef aldrei gert áður. Ég tók strætó heim. Ég komst klakklaust til míns heima, sem kom mér verulega á óvart því ég hef aldrei keyrt strætisvagn áður og man bara ekkert hvar ég fann þennan!

Halli var að spjalla við Manga vin sinn: „Ég er með frábæran lækni. Hann segir að ég eigi að fá mér fullt glas af koníaki fyrir svefninn“. „Og virkar það“? spurði Mangi. „Já, svínvirkar. Í gærkvöldi fór ég nú sinnum að sofa“!

Stjórnarmeðlimir óskast!

Vilt þú vinna með frábærum hópi fólks að fjölbreyttum verkefnum í þágu félagsins? Stjórn FEBRANG leitar eftir öflugum félögum til liðs með sér. Stjórnarfundir eru að meðaltali einu sinni í mánuði.

Áhugasöm mega setja sig í samband við stjórnarmeðlimi :

Aðalstjórn:

Jón Ragnar Björnsson, formaður, s. 6990055,

febrang2020@gmail.com

Svavar Hauksson, ritari, s. 8977487, svahau@simnet.is

Einar Grétar Magnússon, gjaldkeri, s. 8938430, einar@visir.is

Ásdís Ólafsdóttir, varaformaður, s. 6167991, asdisbot@gmail.com

Jóna Elísabet Sverrisdóttir, s. 8224055, sverrisdottirjona@gmail.com

Varastjórn:

Finnur Egilsson s. 8980317, midsef53@gmail.com

Margrét Guðjónsdóttir s, 8649658, margud55@gmail.com

Nýir félagar velkomnir!


Við bjóðum alla nýja félagar velkomna til liðs við okkur!

Aðild að Félagi eldri borgara í Rangárþingi (FEBRANG) veitir þér aðgang að margvíslegri þjónustu, afþreyingu og afsláttarkjörum.

Árgjaldið er aðeins 3.500 kr

Hefur þú áhuga? Það eru nokkrar leiðir til að skrá sig: febrang.net, febrang2020@gmail.com eða hjá Dísu í síma 867-7576

Verið velkomin





8

Besta bankaappið
átta ár í röð!



Samkvæmt Maskínu 2024